

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 386/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Þorsteini Guðnasyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Skyldusparnaður. Fjárdráttur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henryrsson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. september 1993 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Samkvæmt framburði ákærða sjálfs fyrir dómi og gögnum málsins var hann formaður og framkvæmdastjóri Völundarsmíðar hf. frá stofnun félagsins 27. desember 1987 til 25. mars 1988, en einungis stjórnarformaður eftir það, þar til félagið varð gjaldþrota 20. desember 1990. Hann kvaðst hafa átt um 90% hlutafjár í félaginu, en starfsemi þess hefði lokið um mitt ár 1988.

Ákærði var framkvæmdastjóri og meðstjórnandi JL Völundar hf. frá stofnun félagsins 29. desember 1980, þar til það var tekið til gjaldþrotaskipta 14. maí 1990.

Með viðurkenningu ákærða og sakargögnum er leitt í ljós, að ákærði stóð ekki lögboðin skil á skyldusparnaði af launum starfsmanna framangreindra fyrirtækja á árunum 1988 og 1989 á þann veg, sem í ákæru greinir. Óumdeilt er, að 30.000 krónur af þessum skyldusparnaði voru greiddar Húsnæðisstofnun ríkisins síðla árs 1990 vegna Eypórs Benediktssonar, starfsmanns JL Völundar hf., en að öðru leyti hefur ákærði eigi gert athugasemdir við tölur í ákæru.

Laun þeirra starfsmanna, sem hér um ræðir, voru greidd reglulega á þessum tíma. Gögn málsins gefa til kynna, að fyrir hendi hafi verið rekstrarfé í báðum fyrirtækjunum til að standa lögboðin skil á afdregnum skyldusparnaði starfsmanna, þótt það kunni að minnsta kosti að hluta til að hafa verið fengið með yfirdrætti á bankareikningum. Ákærði hélt skyldusparnaðarfé starfsmanna ekki sérgreindu

í sjóði, og er sannað, að hann hagnýtti sér það til reksturs fyrirtækjanna. Braut hann þannig gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en refsíákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. áður lög nr. 60/1984, koma þá ekki til álita, sbr. dóm Hæstaréttar 19. mars 1993 í málinu nr. 119/1992.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorsteinn Guðnason, sæti fangelsi í þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 18. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-100/1993: Ákærvaldið gegn Þorsteini Guðnasyni sem tekið var til dóms 13. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. febrúar 1993, á hendur ákærða, Þorsteini Guðnasyni, Kaplaskjólsvégi 91, Reykjavík, kt. 070852 – 462, „fyrir eftirgreind fjárdráttarbrot:

I.

Að hafa á tímabilinu frá febrúar til júlí 1988 sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins Völundarsmíðar, kt. 480188-1019, Skeifunni 19, Reykjavík, haldið eftir af launum eftirgreindra starfsmanna félagsins skyldusparnaðarfé samtals kr. 111.898, en eigi staðið skil á þessu fé til veðdeildar Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík, sem innheimtustofnun skyldusparnaðarfjár fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, heldur dregið félaginu þetta fé og notað í rekstur félagsins.

Nafn starfsmanns	Tímabil	Fjárhæð
Ómar Valdimarsson, kt. 111165-4089	mars – maí 1988	kr. 16.929
Grétar M. Ómarsson, kt. 310165-3369	febr. – júlí 1988	„ 72.211
Bjarni M. Svavarsson, kt. 080472-4129	maí – júlí 1988	„ 22.758
Samtals		„ 111.898

II.

Að hafa á tímabilinu frá maí 1988 til febrúar 1989 sem framkvæmdastjóri hlutafélagsins JL Völundar, kt. 710269 – 4919, Hringbraut 120, Reykjavík, haldið eftir af launum Eyþórs Benediktssonar, starfsmanns félagsins, skyldusparnaðarfé, samtals kr. 45.033, en eigi staðið skil á þessu fé til veðdeildar Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík, sem innheimtustofnunar skyldusparnaðarfjár fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, heldur dregið félaginu þetta fé og notað í rekstur félagsins.

III.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

I.

Fyrirtækið Völundarsmíð hf. var stofnað í desember 1987. Var ákærði framkvæmdastjóri og stjórnarformaður allt til þess er félagið varð gjaldþrota 20. desember 1990. Fjárhagur félagsins var lengst af bágborinn og tékkareikningur þess oft stórlega yfirdreginn. Viðurkennt er og staðfest í gögnum málsins að skyldusparnaðarfé það, sem reiknað var af launum þeirra Ómars Valdimarssonar, Grétars M. Ómarssonar og Bjarna M. Svav-

arssonar, var ekki greitt til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Eru tölur um þetta í ákærinni ekki vefengdar af hálfu ákærða og hafa þær stoð í málsgögnunum. Ákærði hefur viðurkennt að bera ábyrgð á þessum vanskilum.

II.

Fyrirtækið JL Völundur hf. var stofnað í desember 1980. Var ákærði framkvæmdastjóri og stjórnarformaður frá stofnun þess eða þar til Sigurður Geirsson varð framkvæmdastjóri en ákærði var áfram stjórnarformaður eða þar til yfir lauk að félagið varð gjaldþrota 14. maí 1990. Fjárhagur félagsins var lengst af bágborinn og tékkareikningur þess oft stórlega yfirdreginn. Viðurkennt er og staðfest í gögnum málsins að skyldusparnaðarfé það, sem reiknað var af launum Eypórs Benediktssonar, starfsmanns félagsins, var ekki greitt til Húsnæðisstofnunar ríkisins á gjalddaga en telja verður upplýst að 30.000 krónur hafi verið greiddar inn á skuldina um mánaðamótin október – nóvember 1990. Er talan um þetta í ákærinni að öðru leyti ekki vefengd af hálfu ákærða og hefur hún stoð í málsgögnunum. Ákærði hefur viðurkennt að bera ábyrgð á þessum vanskilum enda hafi hann átt um 90 % hlutfjár í félaginu og verið stjórnarformaður þess.

Telja verður að ákærði beri fulla ábyrgð á því að ekki voru gerð skil skyldusparnaðarfjárins í þeim tilvikum sem greinir í báðum köflum ákærunnar.

Samkvæmt 104. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988 (áður 70. gr. laga nr. 60/1984), en fyrir gildistöku laga nr. 61/1993, var einstaklingum skylt að leggja til hliðar 15 % af launum sínum sem greidd voru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Bar að ávaxta fé þetta í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins. Samkvæmt 108. gr. laganna (áður 74. gr.) skyldi Húsnæðisstofnunin innheimta eða láta innheimta fé þetta. Þá var þar lögð sú skylda á launagreiðendur, að þeir héldu eftir tilskildum hluta af launagreiðslu við hverja útborgun og skiluðu fénu til Húsnæðisstofnunar. Þá sagði í 109. gr. laganna (áður 75. gr.) að vanrækti launagreiðandi að taka skyldusparnað af starfsmanni samkvæmt lögunum eða skila því, sem hann hafði haldið eftir, væri hann ábyrgur fyrir fé því, eins og um hans eigin skattgreiðslur væri að ræða, og bæri að innheimta slík vanskil líkt og launaskatt. Loks eru í 118. gr. laganna (áður 84. gr.) lagðar sektir við því að brjóta lögin og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skilja verður þessi lagaákvæði þannig að launagreiðandi hafi bakað sér refsingu með því að gera ekki lögboðin skil á skyldusparnaðarfé hvort sem fé þetta hafi verið til í sjóði hans eða ekki.

Refsiákvæði þessi eru sérlög og nýrri en hin almennu hegningarlög. Með

10. gr. laga nr. 42/1957 um „húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.“ var fyrst kveðið á um skyldusparnað til íbúðabygginga. Ekki voru nein refsíákvæði í þeim lögum. Aftur á móti var í 18. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 19/1965, sem tóku við af lögnum nr. 42/1957, lögð sektarrefsing við brotum gegn þeim lögum. Hvorki er að finna neina ráðagerð í þeim lögum né í athugasemdum með lagafrumvarpinu um það að refsa eigi fyrir brot gegn sparnaðarskyldu eða öðrum atriðum laganna samkvæmt almennum hegningarlögum. Er hana ekki heldur að finna í síðari lögum um sama efni. Atferli það, sem hér um ræðir, er sérstætt, bundið afmörkuðu sviði athafnalífsins og á sér fáar hliðstæður. Er það álit dómsins að almenn hegningarlög eigi ekki við um það en refsíákvæði núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins taki til þess. Er heimilt að beita þeim lögum, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Er orðalag ákæruskjals ekki til hindrunar því og málið og vikið (sic) sér að þessu í málflutningi.

Með 17. gr. laga nr. 61, 1993 var skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga afnuminn. Kemur þá til álita hvort vanskil skyldusparnaðarfjár séu nú refsilaus, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Athugun á lagatexta og athugasemdum við lagafrumvarpið leiðir í ljós, að skyldusparnaður var ekki afnuminn vegna breytts mats löggjafans á refsinaemi þessa athæfis heldur vegna breyttra aðstæðna í lánamálum og efnahagslífi og annarra þjóðfélagsbreytinga. Er það skoðun dómsins að 118. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins sé enn gild refsíheimild að því er varðar vanskil skyldusparnaðarfjár.

Ákærða bar að gera skil á skyldusparnaðarfénu á árunum 1988 og 1989. Eins og fram er komið hefur hann enn ekki uppfyllt þessa skyldu sína nema að því er varðar þær 30.000 krónur, sem goldnar voru um mánaðamótin október – nóvember 1990. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga var sök ákærða að því leyti löngu fyrnd þegar málið var loks höfðað 16. febrúar sl. Að öðru leyti hefur ákærði látið leggjast undir höfuð að gera skil fjárins og meðan svo er fyrnist sök hans ekki. Ber þannig að sakfella hann fyrir brot gegn 108. og 109. gr., sbr. 118. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, með því að standa stofnuninni ekki skil á 81.898 krónum af skyldusparnaðarfé starfsmanna sinna.

Viðurlög.

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, en verjandi ákærða, Þorsteinn Einarsson héraðsdómslögmaður, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorsteinn Guðnason, greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs en sæti ella varðhaldi í 30 daga, greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 40.000 krónur.
